



Aðgerðaráætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna

Elín Oddný Sigurðardóttir, varaformaður

Velferðarráðs



Stýrihópur skipaður í apríl 2019

Hópin skipuðu:

Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi velferðarráðs, formaður.

Hjálmar Sveinsson, fulltrúi velferðarráðs.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi velferðarráðs.

Sigrún Skaftadóttir, deildastjóri á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs (frá apríl - ágúst 2019)

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu velferðarsviðs (frá sept. 2019).

Ásta Dís Guðjónsdóttir, fulltrúi samtakanna Pepp Ísland.

Bjarki Þór Baldvinsson, mannauðsráðgjafi á skrifstofu velferðarsviðs, er verkefnastjóri hópsins.



Verkefni hópsins


1. Yfirfara reglur og úrræði á vegum velferðarsviðs til að koma í veg fyrir sárafátækt.
2. Leggja fram tillögur um markmið, aðgerðir (t.d. breytingar á reglum), frekari úrræði eða annað sem stutt getur íbúa Reykjavíkur sem búa við sárafátækt.
3. Aðgerða- og tímaáætlun.
4. Kostnaðarreikna allar tillögur og aðgerðir.
5. Annað sem hópurinn telur skipta máli.





Leiðarljós

- Að hlusta á börn og gefa þeim tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og segja frá því hverju þau telja að þau þurfi á að halda í sínum aðstæðum.
- Að öll börn í Reykjavík njóti sömu tækifæra og að fátækt hindri ekki þátttöku barna í samfélaginu
- Að styðja við atvinnuþátttöku foreldra sem hafa starfshæfni en þurfa á fjárhagsaðstoð að halda með markvissum úrræðum og stuðningi. Að styðja foreldra og ungt fólk til að öðlast betri færni og hæfni út frá hæfileikum hvers og eins..





Niðurstöður helstu rannsókna



- **Lífskjör barna á Íslandi**

Á heildina litið eru lífskjör barna á Íslandi góð, en sérstaklega þarf að huga að stöðu barna einstæðra foreldra og öryrkja.

- **Langtímaáhrif barnafátæktar**

Fátækt í æsku getur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar á lífshlaup fólks.

- **Húsnæðisstaða**

Staða fólks húsnæðismarkaði hefur sérstaklega áhrif á fátækt meðal barna.



Skýrsla um lífskjör og fátækt barna (2019)

Tillögur skýrsluhöfundar um hvernig megi draga úr barnafátækt og afleiðingum hennar:

- Brúa umönnunartímabilið.
- Auka tilfærslur til einstæðra foreldra.
- Ókeypis skólamáltíðir.
- Aukin niðurgreiðsla tómstundastarfs.
- Hækkun örorkulífeyris.





Lykiltölur




Í maí 2020 áttu 441 börn foreldra sem voru á fjárhagsaðstoð.



Þar af áttu 130 börn foreldra sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur.



Flest börn áttu foreldra sem leigðu á almennum markaði eða hjá Félagsbústöðum.



Í maí 2020 voru 6 börn húsnæðislaus.



Tæp 14% allra einstæðra mæðra í Reykjavík á aldrinum 20-24 eru notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu.



Áfangaskil stýrihópsins

Þann 4. desember 2019 skilaði stýrihópurinn eftirfarandi tillögum sem vísað var inn í endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð:



- 1:** Að útreikningar á framfærslupörf liggi til grundvallar þegar upphæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu eru ákvarðaðar í velferðarráði hverju sinni. Meðal gagna verði samanburður á þróun örorku, atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar til framfærslu sem nýta megi við þá vinnu.
- 2:** Að komið verði á þjónustugreiðslum fyrir börn notenda fjárhagsaðstoðar sem nýta megi til greiðslu fyrir allt að 8 tíma dvöl á leikskóla, þátttöku á frístundaheimili 5 daga í viku auk síðdegishressingar og skólamáltíðum. Um réttindagreiðslur verði að ræða.
- 3:** Reglum um fjárhagsaðstoð verði breytt þannig að ekki þurfi að fullnýta frístundakort til að eiga rétt á heimildagreiðslum skv. gr. 16. A né þjónustugreiðslum.
- 4:** Framkvæmd ákvæðis um skerðingar á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (3. gr reglna)
- 5:** Að sett verði frítekjumark upp að kr. 300.000 á tekjur fyrri mánaðar þegar komið er inn á fjárhagsaðstoð, t.d. af endurhæfingarlífeyri eða atvinnuleysisbótum.



Aðgerðaráætlun um aðgerðir gegn sárafátækt barna

- Í aðgerðaráætluninni eru sett fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir.
- Undir hverju markmiði er mælikvarði sem á að gefa hugmynd um framvindu mála.
- Auk mælikvarðanna eru skilgreindar aðgerðir, ein eða fleiri, sem taldar eru stuðla að því að ná settum markmiðunum.
- Við hverja aðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili, samstarfsaðili, kostnaður og á hvaða tímabili aðgerðin á að koma til framkvæmda.
- Hópurinn lagði einnig fram ábendingar um aðra þætti sem snúa að börnum sem búa við sárafátækt í sérstökum kafla í skýrslunni.





Úrræði

1. Styðja fátæka foreldra áfram til þátttöku og virkni. Tryggja heildstætt stuðningskerfi til fjölskyldna sem búa við sárafátækt. Stuðningur byggir á réttindamiðaðri nálgun og valdeflingu. Sérstaklega verði tekið mið af því hvernig tryggja megi þátttöku barna af erlendum uppruna og annarra jaðarsettra hópa í samfélaginu með stuðningi og úrræðum.

AÐGERÐIR

- 1 Tinna í öll hverfi borgarinnar.
- 2 Innleiðing á Ellu, búsetuúrræði með stuðningi fyrir ungar einstæðar mæður.
- 3 Árangursmat á IPS með innleiðingu til framtíðar í huga.

MÆLIKVARÐAR

- 1 Hlutfall þeirra sem fara í vinnu eða nám að loknum átaksverkefnum verði 80%.
- 2 Settur verði mælikvarði um mögulegar úrbætur á grundvelli niðurstaðna könnunar meðal foreldra um aðgengi að upplýsingum.
- 3 Verkáætlun unnin um þjónustu TINNU verkefnisins.
- 4 Að nýting á íbúðum í tengslum við verkefnið ELLA verði 100%.

TINNA

TÆKIFÆRI TIL BETRA LÍFS





Úrræði

2. Úrræðaframboð velferðarsviðs fyrir börn og barnafjölskyldur verði endurskoðað m.t.t. árangurs og með þarfir notenda í huga. Sérstaklega skal huga að börnum af erlendum uppruna og þeim börnum sem búa við sárafátækt. Stuðla skal að því að úrræði séu einstaklingsbundin og nýtist fólki til þátttöku í samfélaginu og virkni.

AÐGERÐIR

- 1 Kortlagning á núverandi úrræðaframboði velferðarsviðs fyrir barnafjölskyldur.
- 2 Sérstakur stuðningur og ráðgjöf fyrir barnafjölskyldur sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur.
- 3 Fjölbreytt störf standi fólki á fjárhagsaðstoð til boða.

MÆLIKVARÐAR

- 1 Hlutfall langtímanotenda fjárhagsaðstoðar með börn á framfæri og tekur þátt í átaksverkefnum velferðarsviðs hækki úr 36% í 45%.
- 2 Að 75% foreldra á fjárhagsaðstoð telji að sú ráðgjöf sem þeir fái nýtist sér vel.
- 3 Að fjölbreytt störf standi notendum fjárhagsaðstoðar til boða.



KEÐJAN

þjónusta fyrir börn og fjölskyldur þeirra



Úrræði – NEET hópurinn 18-24 ára

3. Að hugað verði að hópi ungs fólks á aldrinum 18-24 ára sem eru án launaðrar vinnu eða stunda ekki nám eða starfsþjálfun og eru í áhættu á að lenda í fátæktaraðstæðum.

AÐGERÐIR

- 1 Unnin verði sérstök aðgerðaráætlun með úrræðum fyrir þennan hóp sem byggð er á samstarfi við VMST, Virk ofl.

MÆLIKVARÐAR

- 1 Að lækka hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar á aldrinum 18-24 ára úr 14.5% í 10%.
- 2 Hækka hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar á aldrinum 18-24 ára sem fær námsaðstoð úr 22% í 30%.
- 3 Fjölga störfum sem standa notendum fjárhagsaðstoðar á aldrinum 18-24 ára til boða.





Þjónusta

1. Notendur séu valdefldir með virkum hætti og hafðir með í mótun þjónustunnar. Reglulegar þjónustukannanir meðal notenda og að samráð sé haft við notendur á öllum stigum þjónustunnar.

AÐGERÐIR

- 1 Þjónustukönnun verði framkvæmd reglulega meðal notenda.
- 2 Samstarf við EAPN um að ná fram sjónarmiðum barna sem búa við sárafátækt sem nýtt eru til að bæta þjónustu.
- 3 Notendamiðuð-fræðsla til ráðgjafa og þjónustufulltrúa um sárafátækt.

MÆLIKVARÐAR



- 1 Að 75% notenda segi að þjónusta hafi verið gagnleg og mætt þörfum þeirra
- 2 Fræðsla um birtingarmyndir og afleiðingar sárafátæktar á líðan og heilsu barna og fjölskyldna verði skylda fyrir ráðgjafa og þjónustufulltrúa á þjónustumiðstöðvum



Þjónusta

2. Að stafræn þjónusta auki aðgengi að upplýsingum á ýmsum tungumálum til notenda og stuðli að notendavænu viðmóti. Að notendur verði upplýstir um réttindi sín hjá Reykjavíkurborg til þjónustu, stuðnings og framfærslu með heildstæðum hætti.

AÐGERÐIR

- 1 Þjónustutrygging vegna barna birtist sem sjálfkrafa réttur inn í rafrænni umsókn um fjárhagsaðstoð.
- 2 Fleiri umsóknir velferðarsviðs sem lúta að þjónustu við börn og barnafjölskyldur verði rafvæddar á grundvelli forgangsröðunar.
- 3 Auka sýnileika og aðgengi íbúa Reykjavíkur að úrræðum velferðarsviðs fyrir fátæk börn og fjölskyldur þeirra.

MÆLIKVARÐAR

- 1 Að framkvæmd verði þjónustukönnun meðal notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu um gagnsemi og aðgengileika þjónustunnar.
- 2 Fjöldi þjónustupátta sem byggja á stafrænum lausnum aukist út frá forgangsröðun sem unnin verður í samráði við notendur.
- 3 Að upplýsingar um þjónustu velferðarsviðs er snýr að/varðar börn og barnafjölskyldur verði þýddar á 3-4 tungumál.





Þjónusta

3. Að veita leiðbeiningar varðandi þætti sem lúta að almennum fjármálum heimilanna.

AÐGERÐIR

- 1 Endurskoða verklag milli VEL og SFS vegna vanskila á gjöldum í leikskóla, frístundar og skólamáltíða út frá notendamiðaðri hönnun.
- 2 Endurskoða verklag og verkaskiptingu milli VEL og Félagsbústaða út frá notendamiðaðri hönnun.
- 3 Komið verði á samstarfi með þjónustusamningi við Umboðsmann skuldara um þjónustu við notendur velferðarsviðs.

MÆLIKVARÐAR


- 1 Að hlutfall leigutaka Félagsbústaða í vanskilum verði ekki hærra en 10% á hverjum tíma.
- 2 Hlutfall notenda sem nýtir sér aðstoð Umboðsmanns skuldara verði mælt sérstaklega.



Umboðsmaður
skuldara



Gjaldskrár - Almennt



- Nokkuð ósamræmi er í gjaldskrár borgarinnar sem hópurinn taldi brýnt að benda á.
- Almennt eru afsláttarflokkar miðaðir út frá öryrkjum, eldri borgurum og börnum. Nokkrar undantekningar eru á þessu. Til dæmis fá einstæðir foreldrar afslátt af leikskólagjöldum og hærri niðurgreiðslu vegna daggæslu í heimahúsum.
- Ósamræmis gætir til dæmis þegar kemur að gjaldskrár skóla – og frístundasviðs og íþróttar og tómstundasviðs gagnvart einstæðum foreldrum sem eiga á hættu frekar en aðrir hópar að búa við sárafátækt.



Gjaldskrár – Skóla og frístundasvið


- Ekki eru skilgreindir forgangshópar né afsláttaflokkar í frístundaheimilum og skólamat.
- Lagt er til að skoðuð verði einföld rafræn lausn til að útfæra lækkun á skólamáltíðum til þeirra sem þurfa.
- Ekki skilgreindir forgangshópar í sumarfrístund sem getur reynst einstæðum foreldrum erfitt.
- Endurskoða verklag milli SFS og VEL vegna innheimtu vangoldinna gjalda.





Gjaldskrár – Íþróttar og tómstundasvið

- Lagt er til að skoðuð verði aukin niðurgreiðsla á íþróttar- og tómstundastarfi til þeirra sem uppfylla ákveðin skilyrði. Slíkt verði skoðað í tengslum við frístundakortið hjá borginni sem þegar hefur sannað gildi sitt.
- Huga þarf að því hvort það verkefni sem nú er í gangi um notkun rafræns kerfis til að greiða út viðbótarstuðning frá ríkinu vegna Covid-19 mætti nýta í aðrar lausnir til að greiða fyrir þjónustu á milli kerfa





Lokaorð

- Börn eru háð foreldrum sínum um allan aðbúnað sinn og hafa enga möguleika ein og sér til að bæta aðstæður sínar.
- Barnafátækt eykur áhættu á jaðarsetningu á fullorðinsárum og hefur áhrif á félagslega þátttöku, andlega og líkamlega heilsu, sjálfsvirðingu og sjálfsmat einstaklinga til framtíðar.
- Stýrihópurinn leggur til ýmsar aðgerðir er snúa að framfærslu þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð og endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, auk þess að úrræði og þjónusta velferðarsviðs verði rýnd til að mæta betur þörfum þeirra sem búa við sárafáækt.
- Aðgerðir þurfa að snúa að sjálfstæðum réttindum barna. Þjónustugreiðslur vegna barna er dæmi um nýja nálgun í framkvæmd barnamiðaðrar fjárhagsaðstoðar.
- Hópurinn leggur þar að auki til aðgerðir sem snúa að úrræðum og þjónustu sviðsins þannig að þau verði endurskipulögð og rýnd með þarfir barna sem búa við sárafátækt sérstaklega í huga